

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Lilja D. Alfreðsdóttir ráðherra
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020

Efni: Ólögmæt og samkeppnishamlandi niðurgreiðsla á sumarnámskeiðum háskóla

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til átaks menntamálaráðuneytisins til að efla sumarnám í háskólum landsins vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar. Greint var frá þessum áformum í tilkynningu á vefsíðu ráðuneytisins 22. apríl síðastliðinn og frá því sagt að verja ætti 500 milljónum króna til verkefnisins. Alþingi samþykkti fjárhjemild til þess með fjáraukalögum 11. maí síðastliðinn.

Í áðurnefndri tilkynningu ráðuneytisins er haft eftir ráðherra að atvinnustigið á komandi sumri verði lægra en við eignum að venjast og það muni henta mörgum að nýta sumartímann til náms. „Með þessu flýta námsmenn fyrir sínum námslokum og koma því fyrr fullnuma út í atvinnulífið,“ er haft eftir ráðherra. Í tilkynningunni kemur hins vegar fram að markhópur sumarnáms háskólanna sé ekki eingöngu háskólanemar eða þeir sem lokið hafi háskólagráðu, heldur „núverandi nemendur, framtíðarnemendur, fagaðilar, þátttakendur í sprotaverkefnum háskóla og atvinnulausir.“ Í dag, 24. júní, birtist önnur tilkynning á vef ráðuneytisins þar sem fram kemur að metaðsókn sé að sumarnáminu. „Ég hvet alla til þess að kynna sér þau tækifæri sem eru í boði,“ er þar haft eftir ráðherra.

Brot gegn lögum um opinbera háskóla fjármagnað af ríkinu

Skoðun FA á námsframboði háskólanna, sem fjárveitingin rann til, leiðir í ljós að stórum hluta fjárveitingarinnar virðist varið til *endur- og símenntunardeilda* þeirra, sem eru í beinni og harðri samkeppni við einkafyrirtæki á fræðslumarkaði. Sama skoðun leiðir í ljós að námskeiðin eru mörg hver alls ekki bundin við nemendur háskólanna eða atvinnuleitendur, heldur öllum opin og mörg alls ekki ætluð háskólamenntuðum fremur en öðrum. Sem dæmi má nefna tölvunámskeið og námskeið í samskiptaleikni, framkomu og verkefnastjórnun.

Um endurmenntun er fjallað í 23. gr. a. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla en í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að háskóla sé heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til. Hugtakið endurmenntun er skilgreint í 2. mgr. ákvæðisins þar sem fram kemur að átt sé við:

- a. námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess,
- b. viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.

Ákvæðið er alveg skýrt um að háskólum er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi en ekki endurmenntun eða þjálfun annarra. Telur FA um ótvírætt brot gegn framangreindu ákvæði að ræða og gerir alvarlega athugasemd við að ólögmæt háttsemi

sé sérstaklega niðurgreidd af hálfu ríkisins. Fyrirætlun stjórnvalda felur í sér ráðstöfun ríkisfjár til verkefna hjá aðilum sem er með einfaldri gagnályktun óheimilt að veita þjónustuna. Telur FA það nær lagi að umræddir fjármunir rynnu til þeirra sem er heimilt að bjóða slíka fræðslu. Félagið telur ákaflega varhugavert að hið opinbera sé ekki einungis að hvetja til háttsemi sem brýtur gegn lögum nr. 85/2008 heldur beinlínis fjármagna hana.

Ríkisstuðningur til samkeppnisrekstrar – ekkert samþykki ESA liggur fyrir

Endurmenntunardeildir háskólanna auglýsa nú námskeið á 3.000 krónur, sem alla jafna kosta tugi þúsunda. Í kynningum á þeim segir beinum orðum að þau séu niðurgreidd af menntamálaráðuneytinu. Það gefur auga leið að einkarekin fræðslufyrirtæki sem bjóða sambærilegt nám geta ekki með nokkru móti keppt við þessi niðurgreiddu námskeið. FA er kunnugt um að námskeið hjá slíkum fyrirtækjum hafi verið felld niður, með tilheyrandi tekjutapi, þar sem fyrirtækin sjá ekki tilgang í að keppa við þetta niðurgreidda kostaboð. Fyrirtækin eru eins og mörg önnur í erfiðri stöðu eftir að hafa misst viðskipti í heimsfaraldrinum og máttu sízt við því að ákvarðanir stjórnvalda stuðluðu að enn frekari tekjumissi.

FA fær heldur ekki betur séð en að útfærsla niðurgreiðslunnar brjóti gegn 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem leggur bann við samkeppnishamlandi ríkisstyrkjum, sem hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Þau námskeið opinberra og/eða ríkisstyrktra háskóla, sem áður var fjallað um, eru meðal annars í beinni samkeppni við námskeið fyrirtækja í öðrum EES-ríkjum, sem haldin eru á netinu fyrir íslenzka viðskiptavini eða í samstarfi við íslenzk fræðslufyrirtæki. Sum íslenzk fyrirtæki í þessum geira eru hluti af víðtæku alþjóðlegu neti fræðslufyrirtækja.

FA aflaði sér upplýsinga um það hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hvort þessir ríkisstyrkir hefðu af hálfu stjórnvalda verið bornir undir stofnunina eins og t.d. áðurnefnd ferðagjöf, sbr. ákvörðun ESA nr. 057/20/COL og fékk þau svör að svo væri ekki. FA telur óhjákvæmilegt að beina erindi til ESA um hvort styrkirnir standist ákvæði EES-samningsins. ESA er því sent afrit af erindi þessu.

Gegn samkeppnislögum

Það er ekki nýtt af nálinni að endurmenntunardeildir háskólanna keppi beint við einkarekin fræðslufyrirtæki með námskeiðum sem eru öllum opin, ekki eingöngu háskólamenntuðum. Það er eins og áður segir ekki í samræmi við lög um opinbera háskóla. FA telur þessa starfsemi jafnframt fara gegn 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 um fjárhagslegan aðskilnað enda þiggja allir háskólarnir fjárframlög frá ríkinu en hafa ekki haldið þessari samkeppnisstarfsemi aðskilinni frá ríkisstyrktu háskólanámi með tilhlýðilegum hætti.

Tilgangur aðgerðanna, að ýta undir sumarnám og auðvelda fólkis atvinnuleit, er að sjálfsögðu góðra gjalda verður en útfærslan skekkir augljóslega mjög samkeppnisstöðuna á fræðslumarkaði, sem var skökk fyrir eins og áður er lýst. Auðveldlega hefði mátt útfæra a.m.k. hluta stuðningsins með öðrum hætti, til dæmis á svipaðan máta og „ferðagjöf“ stjórnvalda með e.k. ávisanakerfi, þar sem áhugasamir gætu nýtt námsstyrk frá ráðuneytinu ýmist hjá

háskólum sem njóta ríkisstuðnings eða hjá einkareknum fræðslufyrirtækjum. Þannig hefði mátt ná markmiðum stuðningsins án neikvæðra áhrifa á samkeppni.

Að mati FA brýtur sú útfærsla sem hefur orðið ofan á gegn ákvæðum samkeppnisлага, þar sem kveðið er á um að athafnir opinberra aðila skuli ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnisлага. Í því ljósi er Samkeppniseftirlitinu sent afrit af þessu erindi.

Réttum stöðuna

Félag atvinnurekenda fer fram á það við ráðherra að gripið verði þegar í stað til aðgerða til að rétta samkeppnisstöðuna á fræðslumarkaðnum með því að stuðningur ráðuneytisins við námskeiðahald í samkeppnisrekstri nái ekki síður til einkarekinna fyrirtækja á þeim markaði en þeirra stofnana sem eru í eigu ríkisins eða njóta þegar ríkisstuðnings. Til lengri tíma litið ætti ráðuneytið að beita sér fyrir því að ólögmætri starfsemi háskólanna í samkeppni við einkafyrirtæki verði hætt eða fjárhagslegur aðskilnaður samkeppnisrekstrar og ríkisstyrkts háskólanáms í það minnsta tryggður. Félagið er reiðubúið að funda með ráðuneytinu um málið hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Afrit: Samkeppniseftirlitið

Afrit: Eftirlitstofnun EFTA (ESA)